

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 130/1967. **Valdstjórnin**
 gegn
Sigfúsi J. A. Johnsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 29. júní 1967, sem hingað barst 4. sept. 1967, hefur varnaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 4. fl. 172. gr. laga nr. 82/1961 og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir dómara að skipa honum verjanda í málinu og honum dæmdur kærumálskostnaður úr rikissjóði.

Málsatvikum er eigi lýst í hinum kærða úrskurði. Þá hefur héraðsdómari eigi fært fram rök fyrir því, að varnaraðilja skuli synja um skipaðan verjanda, er sé við dómprófun málsins. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Greiða ber varnaraðilja kærumálskostnað úr rikissjóði, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerkur.

Kærumálskostnaður, kr. 5.000.00, greiðist varnaraðilja, Sigfúsi J. A. Johnsen, úr rikissjóði.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. júní 1967.

Mál þetta hófst með sjóprófum hinn 17. apríl vegna vélarbilunar o. fl. m/b Sæfaxes, NK 102.

Inn í prófin drógust atriði, er urðu þess valdandi, að 5 menn, þ. á m. Sigfús J. Á. Johnsen, hafa orðið grunaðir samkvæmt eiðfestum framburðum ýmissa vitna svo og játningum sakborninga um alvarlegt hegningarlagabrot.

Dómurinn mun ekki neita að skipa Jón Hjaltason hæstaréttarlögmann sem verjanda eða réttargæzlumann kærða Sigfúsar, og það nú þegar á eftir, verði fram á það farið, sbr. og bókun í þinghaldi hinn 6/5 s.l., en kærði hefur krafizt þess, að lögmaðurinn mæti með honum í réttarhaldi þessu, sem lýst hefur verið lokað.

Dómendur eru sammála um, að kærði Sigfús hafi gert allt, sem unnt er, til þess að torvelda rannsókn máls þessa utan réttar sem innan, svo sem fram kemur af bókunum, og hefur dómurinn ríka ástæðu til að ætla, að koma hans í dóminn á þessu stigi málsins, þar sem sjálfri rannsókn er hvergi nærri fulllokið, með lögfræðing við hlið sér sé sízt til þess fallin að auðvelda lok rannsóknar, heldur þvert á móti.

Jafnframt því sem bera þykir að úrskurða, að réttarhaldið fari að öllu leyti fram fyrir luktum dyrum, sbr. 16. gr. oml. nr. 82/1961, álitur rétturinn óhjákvæmilegt að úrskurða með vísan til 4. málsliðar 1. mgr. 86. gr. laga nr. 82/1961, að hvorki Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður né annar lögfræðingur mæti með kærða í réttarhaldi þessu, enda álit dómenda, að kærði sé fullfær að gæta hagsmuna sinna á þessu stigi málsins.

Ályktarorð:

Réttarhald þetta er lokað.

Hvorki Jón Hjaltason né öðrum lögmönnum, verjendum né réttargæzlumönnum er heimilt að mæta í þinghaldi þessu með kærða Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen.

Mánudaginn 2. október 1967.

Nr. 98/1967. **Eldey h/f**
 gegn
Karli Sigurbergssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Eldey h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu,